

## **Tillaga til 475. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 6. maí 2021**

Tillaga frá 558. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 14. apríl 2021, um að bæjarstjórn heimili málsmeðferð skv. VII kafla skipulagslaga 123/2010 vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, vegna veglagningar Vestfjarðavegar (60) yfir Dynjandisheiði frá Dynjandisvogi að sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar.

### **1. Dynjandisheiði - Breyting á aðalskipulagi vegna veglagningar - 2021030106**

Verkís leggur fram skipulags- og matslýsingu dags. í mars 2021, f.h. Vegagerðarinnar. Jafnframt er óskað heimildar bæjaryfirvalda til þess að hefja málsmeðferð á vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Aðalskipulagsbreytingin nær yfir um 11 km langan kafla Vestfjarðavegar (60) yfir Dynjandisheiði frá Dynjandisvogi að sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila málsmeðferð skv. VII kafla skipulagslaga 123/2010 vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, vegna veglagningar Vestfjarðavegar (60) yfir Dynjandisheiði frá Dynjandisvogi að sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar.*